

## Reglur um garðslátt

### 1. gr

#### *Réttur til garðsláttar*

Rétt til garðsláttar eiga :

- Ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili í Hvalfjarðarsveit, sem hafa fasta búsetu í eigninni og geta ekki hirt lóðir sínar hjálparlaust.
- Þjónustan er eingöngu veitt þar sem allir heimilismenn eru ellilífeyris – og/eða örorkulífeyrisþegar
- Ekki er veitt þjónusta þar sem aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri geta annast slátt.

### 2.gr

#### *Umsóknir og umsjón*

Umsóknir um garðslátt skulu berast á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar á eyðublöðum sem þar fást eða rafrænt á þar til gerðum eyðublöðum sem finna má á vefsíðu sveitarfélagsins. Velferðar og fræðslunefnd ber ábyrgð á meðferð og afgreiðslu umsókna um þjónustu. Skipulag og framkvæmd þjónustunnar er á höndum umsjónarmanns Vinnuskólans.

### 3. gr

#### *Fjöldi slátta og stærð lóða*

Þjónustuþegar geta óskað eftir slætti þrisvar sinnum yfir sumarið, tímabilið júní byrjun til 15. ágúst ár hvert. Hver umsækjandi nýtur garðsláttar einu sinni en markmið er að slegið verði þrisvar sinnum hjá hverjum og einum, allt eftir samkomulagi og stöðu mannafla hjá sveitarfélaginu. Þjónustan felst í því að grasflatir innan skilgreindra lóðamarka eru slegnar og gras hirt og fjarlægt. Einnig er boðið upp á beðahreinsun, en eftir samkomulagi við umsjónarmann Vinnuskólans. Grasfletir skulu verða aðgengilegar fyrir slátt. Einungis er slegið þegar um er að ræða einbýlishús, parhús eða raðhús. Atvinnu og frístundalóðir/garðar eru undanskilin þessum reglum.

#### 4. gr

##### Gjaldskrá

Gjald fyrir garðslátt miðast við gjaldskrá Hvalfjarðarsveitar hverju sinni og er innheimt í lok sumars

- |  |                 |
|--|-----------------|
| • Fast komugjald                                 | <b>kr 2.000</b> |
| • Lítil garður (allt að 250m <sup>2</sup> )      | kr 7.500        |
| • Meðalstór garður (allt að 450 m <sup>2</sup> ) | kr 10.200       |
| • Stór garður (allt að 650m <sup>2</sup> )       | kr 15.500       |
| • Risa stór garður (allt að 1000m <sup>2</sup> ) | kr 23.500       |

Reglur um niðurgreiðslur á garðslætti í Hvalfjarðarsveit

Reglur um niðurgreiðslur á garðslætti til tekjulágra elli-og örorkulífeyrispega eru vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Hvalfjarðarsveit.

Niðurgreiðslan er tekjutengd og miðuð við árstekjur 2024 samkvæmt skattframtali 2025, þ.m.t eigna – og fjármagnstekjur.

Hámark niðurgreiðslu er 23.000 kr, allt að 5.750 kr fyrir hvern slátt, gegn framvísun reiknings fyrir garðslætti.

Tekjuviðmiðun :

Fyrir einstaklinga, með heildartekjur allt að kr 4.930.000

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk, með heildartekjur allt að kr 6.652.000

Skilyrði fyrir niðurgreiðslu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur. Sé fasteign skráð með leyfi til heimagistingar fellur niðurgreiðslan niður.

Í tilfalli hjóna eða sambýlisfólks, ræður aldur þess sem fyrr verður 67 ára án tillits til þess hvort þeirra er skráð fyrir eigninni.

*Samþykkt af Velferðar- og fræðsludeild Hvalfjarðarsveitar 7.maí 2026*

*Samþykkt í sveitarstjórn 13.maí 2026*